# Saga Kappadeildar

Kappadeild er 10. deild samtakanna hérlendis og var stofnuð 28. mars 2007. Ingibjörg Einarsdóttir þáverandi landsambandsforseti hafði frumkvæði að stofnun deildarinnar ásamt Herthu W. Jónsdóttur félaga hennar úr Gammadeild. Hertha tók að sér að halda utan um nýstofnaða deild fyrsta starfsár hennar og kenndi meðlimum allt um hefðir og menningu samtakanna.

Stofnfélagar voru 28 talsins og hefur fjöldinn haldist nokkurn veginn, en í dag eru félagskonur 27. Fyrsti formaður deildarinnar var Marsibil Ólafsdóttir, sem gegndi því starfi í þrjú ár. Síðan þá hafa formenn setið í tvö ár.

Frá upphafi hafa verið haldnir fimm til átta fundir á ári, ýmist í heimahúsum, á vinnustöðum Kappasystra, kaffi- eða veitingahúsum.

Það sem helst vekur athygli þegar litið er yfir farinn veg er hve fjölbreytt efni hefur verið á dagskrá. Gróflega mætti segja að flest erindi hafi snúist um, menntun, menningu eða starfsþróun kvenna sem gegna ábyrgðarstöðum.

Erindi hafa tengst fjölbreyttum heimsóknum til stofnana, félaga og fyrirtækja sem sinna menntun í breiðum skilningi. Einnig höfum við fengið kynningar á mörgum framúrskarandi þróunarverkefnum. Konur sem unnið hafa brautryðjenda starf eða staðið í brúnni og leitt stór verkefni hafa komið og eflt okkur með reynslu sinni og í bland höfum við heimsótt söfn og menningarstaði á suðvestur og vesturhluta landsins.

Fyrstu árin voru efnistök í höndum stjórnar. Alla tíð hefur þó ríkt mikið lýðræði í deildinni og góðar uppástungur hafa ávallt fengið brautargengi. Kappakonur koma  úr fjölbreyttum störfum í þjóðfélaginu og láta sig varða margvísleg mál á sviði mennta- og menningarmála. Að hausti árið 2015, í stjórnartíð Gunnlaugar Hartmannsdóttur, kom fram sú hugmynd að nýta betur þann mikla mannauð sem deildin hafði að geyma við undirbúning og skipulag funda. Ákveðið var að skipa konur í nefndir, þannig að hver um sig kæmi að skipulagi eins fundar á hverju starfsári. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag og málefni funda verið fjölbreytt.

Nefndir eru ábyrgar fyrir því að setja saman dagskrá fundar, finna honum samastað, rita fundargerð og skipuleggja form á veitingum. Stjórn stillir upp nefndum ásamt tímasetningum funda í upphafi starfsárs og leggur upp til samþykktar á fyrsta fundi. Kappakonum gefst þar tækifæri til að skipta innbyrðis um nefnd og hafa áhrif á tímasetningar.

Fastir fundir árlega eru haustfundur í umsjón stjórnar, jólafundur í heimahúsi og mjög snemma (2009) varð til sú hefð að halda bókafund í upphafi nýs árs þar sem þremur til fjórum Kappakonum er falið að kynna og lesa upp úr vel völdum bókum sem snert hafa við þeim á liðnu ári.

Á jólafundi var lengi vel hefð fyrir því að gestgjafi fengi til sín leynigest. Nokkur ár í röð var gesturinn klæddur górillu búningi í eigu Sigríðar Johnsen Kappakonu og var viðkomandi þá oft orðið nokkuð heitt áður en tókst að giska á hver hann var. Yfirleitt var um að ræða listafólk sem hafði gefið út tónlist eða bók fyrir jólin.

Frá upphafi hefur hver stjórn sett fram ákveðið þema í upphafi starfsárs sem er leiðarljós í skipulagi funda.

Þema starfsársins 2024 – 2025 er;

## Lyftum því sem vel er gert - beitum áhrifum okkar og aukum sýnileikann

Í Kappadeild hefur áhersla verið lögð á að gefa rými til að styrkja tengslin á fundum. Orð til umhugsunar hafa verið fastur liður og oftar en ekki hafa Kappa konur þar deilt persónulegri reynslu. Umfjöllunarefnið hefur gjarnan tengst hugrekki, seiglu, trú, von og kærleika, en líka minningum um eitthvað sem hafði mótandi áhrif eða endurspeglar breytta tíma, fjölbreyttum áhugamálum, allt frá heilsueflingu til þess að rekja og rita um ævi formæðra. Í lok síðasta starfsárs var ákveðið að hvetja konur til að sitja áfram eftir að formlegri dagskrá er lokið, spjalla saman og efla tengslin enn frekar. Gert er ráð fyrir 30 mínútum aukalega við bókun fundarstaða til að koma þessu við.

Einstakt er sennilega að Kappadeild hélt 8 fundi starfsárið 2020-2021 á Covid tímum, marga á netinu, undir dyggri stjórn Huldu Önnu Arnljótsdóttur þáverandi formanns. Þá var lögð sérstök áhersla á að konur fengju tækifæri til þess að spjalla saman, kynnast betur og sýna umhyggju og hlýju. Við erum afskaplega stoltar af þessu tímabili í sögu deildarinnar og teljum okkur hafa eflt tengslin á meðan félagsstarf lá víða niðri.

Segja má að hlýja og tengsl hafi ávallt verið rauður þráður i starfi deildarinnar þó við höldum í hefðbundið form funda, kveikjum á kertum gerum nafnakall, njótum áhugaverðra kynninga og gómsætra veitinga. Við Kappakonur horfum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að eiga gefandi samstarf um ókomin ár.

**Stjórnir hafa verið eftirfarandi:**

Stjórn Kappadeildar 2007-2010:

- Marsíbil Ólafsdóttir, formaður.
- Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður.
- Sólborg Alda Pétursdóttir, ritari.
- Anna S. Harðardóttir, meðstjórnandi.
- M. Elín Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Stjórn Kappadeildar 2010-2012:

- Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Sigríður Johnsen, varaformaður.
- Erla Guðjónsdóttir, ritari.
- Erla Gunnarsdóttir, meðstjórnandi og gjaldkeri.
- Gunnlaug Hartmannsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn Kappadeildar 2012-2014:

- Sigríður Johnsen, formaður.
- Gunnlaug Hartmannsdóttir, varaformaður.
- Erla Guðjónsdóttir, ritari.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, meðstjórnandi.
- Erla Gunnarsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2014–2016:

- Gunnlaug Hartmannsdóttir, formaður.
- Guðrún Edda Bentsdóttir, varaformaður.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, ritari.
- Valgerður Magnúsdóttir, meðstjórnandi.
- Áslaug Ármannsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2016–2018:

- Guðrún Edda Bentsdóttir, formaður.
- Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, varaformaður.
- Anna Hugadóttir, meðstjórnandi.
- Júlíana S. Hilmisdóttir ritari (Ragnheiður Axelsdóttir tók við af Júlíönu haustið 2017).
- Áslaug Ármannsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2018-2020:

- Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður.
- Hildur Elín Vignir, varaformaður.
- Hulda Anna Arnljótsdóttir, meðstjórnandi.
- Ragnheiður Axelsdóttir, ritari.
- Áslaug Ármannsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2020-2022:

- Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður.
- Herdís Anna Friðfinnsdóttir, meðstjórnandi.
- Hildur Elín Vignir, varaformaður.
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir, ritari.
- Áslaug Ármannsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2022-2024:

- Hildur Elín Vignir formaður.
- Herdís Anna Friðfinnsdóttir, meðstjórnandi.
- Linda Hrönn Helgadóttir, meðstjórnandi.
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir, varaformaður.
- Áslaug Ármannsdóttir, gjaldkeri.

Stjórn Kappadeildar 2024-2026:

- Linda Hrönn Helgadóttir, formaður
- Herdís Anna Friðfinnsdóttir, gjaldkeri
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir, varaformaður
- Svanhildur Svavarsdóttir, ritari